

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS

Áform um þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2026 – 2029

Nr. S-76/2025 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

Átta umsagnir bárust um áform stjórnvalda um þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2026 – 2029. Alls bárust þrjár umsagnir frá félagasamtökum, ein frá réttindasamtökunum ÖBÍ, ein frá Landspítalanum og þrjár frá einstaklingum.

Samtökin 78 og Trans Ísland fagna áformum stjórnvalda um nýja aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks og lýsa sig reiðubúin til samstarfs um mótun áætlunarinnar. Samtökin 78 leggja til að í samræmi við ábendingar frá evrópsku réttindasamtökunum ILGA Europe muni nýja aðgerðaáætlunin meðal annars fela í sér úrbætur á réttindum intersex-fólks, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Að sama skapi sé mikilvægt að brugðist verði við niðurstöðum rannsóknarinnar Heilsa og líðan og Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar um verri stöðu hinsegin ungmenna en annarra ungmenna.

Trans Ísland bendir á að ný aðgerðaáætlun feli í sér dýrmætt tækifæri til að bregðast við bakslagi í málefnum hinsegin fólks á heimsvísu. Brýnt sé að nýja aðgerðaáætlunin verði metnaðarfullri, vinna við hana verði sett í meiri forgang og henni fylgi meira fjármagn heldur en fyrri áætlun. Í niðurlagi kemur fram að félagið hlakki til góðs samstarfs og samráðs við ráðuneytið um vinnu við aðgerðaáætlunina.

Samtökin 22 gagnrýna ákvæði laga um kynrænt sjálfræði hvað varðar breytingar á kyneinkennum barna. Í niðurlagi umsagnarinnar segir að verulegur vafi hljóti að leika á því að samþykkisáskilnaður kynbreytingaraðgerðaheimilda 10. gr. – 11. gr. laganna geti talist uppfylltur í þeim tilvikum þegar um börn ræði. Megi raunar telja álitamál hvort inn gripagrundvöllur og aðgerðaheimild laganna standist mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Réttindasamtökin ÖBÍ óska eftir að ný aðgerðaáætlun feli í sér rannsókn á birtingarmynd og umfangi margþættrar mismununar ásamt uppástungum frá hinsegin fólki með slíka reynslu um leiðir til lausnar. Jafnframt er lagt til að aðgerðaáætlunin feli í sér greiningu á aðgengi hinsegin fólks að hinsegin samfélaginu, t.a.m. félagslegum vettvangi. Bent er á að ekki sé allt fatlað fólk öryrkjar. Því er lagt til að í nýrri aðgerðaáætlun verði ekki stuðst við skilgreininguna *hinsegin öryrkjar* heldur *hinsegin fatlað fólk*.

Transteymi fullorðinna á Landspítalanum leggur til að verði stofnað svokallað öndvegissetur um heilbrigði og réttindi hinsegin fólks með sérstakri áherslu á trans og kynsegin málefni í samstarfi við Háskóla Íslands. Setrið geti fallið innan ramma lýðheilsuvísinda vegna mikilvægra tengsla við heilbrigðiskerfið og almannaheill ásamt því að eiga samstarf við viðeigandi aðila á sviði kynjafræði og stjórnmálafræði vegna félagslegra og pólitískra tengsla málefnsins. Markmið setursins verði meðal annars að efla rannsóknir, þróa fræðslu, miðla fræðslu, veita ráðgjöf og stuðning við stefnumótun stjórnvalda á sviði jafnréttis- og heilbrigðismála.

Anna Hulda Sigurðardóttir fagnar áformum um nýja aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks og bendir á að mikilvægt sé að gera umbætur fyrir þann viðkvæma hóp barna og ungmenna sem skilgreini sig undir hinsegin regnhlífinni og glími við kynama. Staða og líðan þessa hóps hafi versnað og úrbætur kalli á nýja og gagnreynda nálgun. Jafnframt tekur hún fram að mikilvægt sé að fjölmiðlar sýni ábyrgð í umfjöllun sinni um tengsl kynama og sjálfsvíga. Að lokum kemur fram að uppbyggilegt samtal í samfélaginu um transfólks sé mikilvægt.

Þorsteinn Kristinsson gagnrýnir að Samtökunum 22 hafi ekki verið sérstaklega tilkynnt um samráð stjórnvalda í samráðsgátt. Hrafn Þorri Þórisson veltir því fyrir sér hvort komið sé nóg af aðgerðaáætlunum.